

- 183 14. Af öllum öðrum vörum kr. 0.50 fyrir hver 100 kg.
15. sept. Um gjald af vikri fer eftir sérstökum samningi.

Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu, einnig vistir og aðrar nauðsynjar, fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja á höfn, og nota til eigin þarfa.

Vörugjald skal reiknast eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu, þegar eftir komu eða burtför skipanna.

Hafnarnefnd ber að innheimta öll hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektarféð rennur í hafnarsjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

184

17. sept.

REGLUGERÐ

fyrir lendingarsjóð Stökkseyrar.

1. gr.

Takmörk lendingarinnar eru að utan skerjagarðurinn, að austan bein lína frá Knararósvita í vestur út í skerjagarðinn, að vestan bein lína eftir mörkum Stokks-eyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps út í skerjagarðinn.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokksseyrarhrepps hefur á hendi stjórn lendingarinnar undir yfirmsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

184

17. sept

Til þess að standa straum af kostnaði við lendingarbæturnar og viðhaldi þeirra, og til árlegs rekstrarkostnaðar skal stofna lendingarsjóð, og tekur hann við eignum og skuldum fyrri lendingarsjóðs Stokkseyrar og bryggjufélags útgerðarmanna á Stokkseyri.

4. gr.

Framkvæmd lendingarmálanna og eftirlit með þeim hafa á hendi 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps kys. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á lendingarbótunum, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, annast fjárhald lendingarsjóðs og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér enn fremur um innheimtu á gjöldum lendingarsjóðs samkvæmt 5. og 9. gr. Hún hefur umsjón með því, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar lendingarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Fyrir 1. des. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld lendingarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessi sendist hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. Við lok reikningsársins, sem er almanaksárið, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld lendingarsjóðs á hinu liðna ári, og enn fremur reikning um eignir og skuldir hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn.

5. gr.

Tekjur lendingarsjóðs eru þessar:

A. Skipagjöld.

1. Hvert aðkomuskip, sem fermir eða affermir, greiðir í hvert skipti, er það hafnar sig, af hverri brúttó smálest kr. 0.30.
2. Allir heimilisfastir báta á Stokkseyri greiða árlega af hverri brúttó smálest kr. 8.00, enn fremur $1\frac{1}{2}\%$ af brúttó afla.

B. Vörugjald.

1. Fyrir hverja smál. af fiski, salti, kolum, sementi og öðrum þungavörum kr. 2.00.
2. Fyrir hverja tunnu kr. 0.50.
3. Fyrir hesta og nautgripi kr. 5.00.
4. Fyrir sauðfé kr. 0.25.
5. Fyrir bifreiðar kr. 10.00.
6. Fyrir hvert teningsfet timburs kr. 0.05.
7. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum allt að 50 kg kr. 0.25.
8. Hvert stykki allt að 100 kg kr. 0.50.
9. Fyrir hvern heyhest kr. 0.25.

6. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og farangur ferðamanna allt að 25 kg.
- c. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.
- d. Umbúðir, sem eru endursendar.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í

- 184 17. sept té eftirrit af farmskrá skips. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefur fernt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

8. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Lendingarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem þar eru, og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki og áhöld landingarsjóðs, eru skyldir til að greiða að fullu kostnað við að lagfæra það.

12. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samningi.

13. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á landingarbótunum, mannvirkjum eða áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á landingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinn ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarsjóð Stokkseyrar.

184

17. sept.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri, til að öðlast gildi 1. október 1943. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lendingarsjóð í Stokkseyrarveiðistöð, nr. 5 23. febr. 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga.

185

21. sept.

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga. Heimili þess og varnarping er að þingstað Hvolhrepps að Stórólshvoli.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka og koma á lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og auka arð af henni með því:

1. að gera fiskveg upp yfir fossa þá, sem nú tálma fiskför í ám á félagssvæðinu;
2. að stunda lax- og silungsklak;
3. að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur eitt umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Ytri-Rangá, Eystri-Rangá, Þverá og Hólsá, og öllum þverám og lækjum sem í þau falla.

Félagsmenn eru allir eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum.

Jarðirnar eru:

Djúpárhreppsdeild: Unhóll I, Unhóll II, Eystra-Tobbakot, Vestra-Tobbakot, Bali (með Gvendarkoti), Húnakot, Hraukur, Litla-Rimakot, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibæ, Vatnskot I, Vatnskot II, Háir-Rimi, Norður-Nýibær, Melur, Miðkot, Jaðar, Háabær, Skinnar, Brekka, Búð I, Búð II, Hávarðarkot, Disukot m. Hákot, Vesturholt m. Stöðulkoti, Oddspartur, Önnupartur, Skarð, Borgartún I, Borgartún II, Bjóluhjáleiga I, Bjóluhjáleiga II, Hrafnatóftir I, Hrafnatóftir II, Rangá, Ægissíða I, Ægissíða II, Bjarg (ekkert land að á), Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir, Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Hemla m. Skeiði, Hvítanes, Ey I, Ey II, Ey III, Ártún m. Ártúnakoti, Bakkakot, Fróðholt, Fróðholtshjáleiga, Uxahryggur I, Uxahryggur II, Móeiðarhvolshjáleiga, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Djúpidalur, Dufþaksholt I, Dufþaksholt II, Eystri Garðsauki með Moshvol, Litli-Moshvoll, Bjóla I, Bjóla II, Stórólshvoll, Gata m. Ormsvelli, Króktún, Þinghóll, Miðhús, Efri-Hvoll, Völlur I, Völlur II, Bakkavöllur, Markarskarð, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Reynifell I, Reynifell II, Þorleifsstaðir, Rauðnefsstaðir, Foss, Hróarslækur, Ketilhúshagi, Kirkjubær vestri, Kirkjubær eystri, Gunnarsholt, Reyðarvatn,